



GARÐABÆR

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ 2017-2018

---

LOKASKÝRSLA VERKEFNIS: LEIÐSAGNARMAT Í  
GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

**Þróunarverkefni unnið í:**

Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla

**Stýrihópur:**

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Elena Einisdóttir, Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Geirprúður Guðmundsdóttir, Halla Rósenkranz, Helga María Guðmundsdóttir, Kristjana Sigursteinsdóttir, Sigurlín Sumarliðadóttir

**Tengiliður vegna verkefnis:**

Silja Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, [siljak@sjalandsskoli.is](mailto:siljak@sjalandsskoli.is)

# Inngangur

*Informative assessment isn't an end in itself, but the beginning of better instruction.*

Carol Ann Tomlinson

Í Aðalnámsskrá grunnskóla talað um að námsmat eigi að fara fram jafnt og þétt á námstímanum og eigi að miða að því að nemandanum sé ljóst hver staða hans í náminu sé, hvert hann stefni og hvernig hann komist þangað. Slíkt mat er leiðsagnarmat, sem einnig má kalla leiðsegjandi kennsluhætti.

*Leiðsagnarmat miðar að því fylgjast með og sjá stöðuna meðan á námi stendur. Það er ferli við að afla upplýsinga um hvar nemandinn er staddur í námi sínu og túlka þær. Leiðsagnarmat þjónar þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn við leiðsagnarmat, s.s. kannanir, vettvangsathuganir, samræður, spurningar, sjálfsmat, jafningjamat, leiðarbækur o.fl. Í raun flest allt sem leiðir til þess að nemandinn ígrundi þátttöku sína í náminu. Í leiðsagnarmati er lögð áhersla á að matið sé hluti af náminu, fari reglulega fram á námstímanum, skýr viðmið séu um árangur og endurgjöf sé nákvæm og lýsandi fyrir hvern nemanda.*

Aðalnámsskrá grunnskóla

Haustið 2017 hófst sameiginlegt verkefni í grunnskólum Garðabæjar í innleiðingu á leiðsagnarmati. Innleiðingu sem þó var hafin í sumum skólum og óhætt er að fullyrða að fleiri kennarar voru þegar að nota án þess að vera meðvitaðir um það.

Skólarnir fimm, Álftanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofstaðaskóli og Sjálandsskóli, sem tóku þátt í verkefninu skuldbundu sig til að taka þátt í markvissri innleiðingu, deila reynslu, sækja fræðslu og meta áhrifin á skólustarfið. Skólarnir skipuðu hver sína fulltrúa í stýrihóp og ráðinn var verkefnastjóri fyrir verkefnið.

Þrátt fyrir að fyrir lægi ákveðinn vinnurammi fyrir verkefnið var stýrihópnum frjálst að breyta og bæta eftir þörfum og þróa verkefnið þannig að allir skólarnir fengju sem mest út úr því.

Verkefnið var unnið allan veturinn og ljóst var að skólarnir vildu halda samstarfinu og innleiðingunni áfram saman og því var sótt um annan þróunarstyrk til áframhaldandi vinnu.

Í þessari skýrslu er hægt að lesa almennt um vinnu stýrihópsins, markmið og upplifun, auk þess sem áhrif verkefnisins í hverjum skóla fyrir sig er rakin. Þá var öllum kennurum send stutt spurningakönnun um leiðsagnarmat og eru niðurstöðurnar skoðaðar út frá hverjum skóla svo og í heild sinni.

Í lokin er lagt mat á verkefnið í heild sinni og væntingar fyrir komandi verkefni skoðaðar.

# Markmið, framkvæmd og ávinningur verkefnis

## Markmið

Samkvæmt umsókn um styrk í Þróunarsjóð Garðarbæjar er markmið verkefnisins að styðja kennara í innleiðingu á leiðsagnarmati á öllum námssviðum og í öllum árgöngum. Í verkefninu er stefnt að því að:

- allir kennarar nái sameiginlegum skilningi á því að leiðsagnarmat er námsmat sem er leiðbeinandi fyrir nemendur (og forráðamenn).
- allir kennarar þekki margvíslegar aðferðir og birtingarmyndir leiðsagnarmats og geti nýtt þær í sinni kennslu.
- leiðsagnarmat sé nátengt þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að í náminu.
- hæfniviðmið og leiðsagnarmat séu sýnileg nemendum og forráðamönnum allan námsferilinn t.d. í kennslustofum og samskiptakerfum skóla og heimila.
- kennarar fái stuðning til að skilgreina leiðsagnarmatið í sinni kennslu, staðsetja það og hefja/þróa vinnu við það án þess að verkefnið verið of tímafrekt.

## Framkvæmd

Þegar lagt var af stað í verkefnið í upphafi skólaárs voru skólarnir mjög misjafnlega staddir í innleiðingu leiðsagnarmats. Álftanesskóli var kominn vel af stað á meðan aðrir skólar voru varla byrjaðir. Innan skólana voru kennarar líka mjög misjafnlega staddir. Margir rugluðu leiðsagnarmati og lokamati saman, kennarar veltu því fyrir sér hvernig hægt væri að birta foreldrum leiðsagnarmat og annað slíkt. Flestir voru þó með það í skólanámsskrám og kennsluáætlunum að nota skyldi leiðsagnarmat, en hugmyndirnar um það voru misjafnar.

Eftir fyrirlestur frá Háskólanum á Akureyri í ágúst var ákveðið að fá Ernu Ingibjörgu Pálsdóttur og Hildi Karlsdóttur úr Álftanesskóla til að fara í alla þáttökuskólana með fyrirlestur um leiðsagnarmat og stýra umræðum í kjölfarið. Það varð í flestum tilfellum mikil vitundarvakning í kjölfari þess og kennarar áttuðu sig á því að margir voru þegar að nota mun meira leiðsagnarmat en þeir héldu, þó svo að ýmislegt væri hægt að gera til að skerpa á notkuninni og gera hana markvissari.

Stýrihópurinn var mjög meðvitaður um það að gefa þurfti kennurum rúmann tíma til þess að vinna að innleiðingu og prófa sig áfram með notkun leiðsagnarmats. Þá var ákveðið frá upphafi að hver skóli skyldi haga innleiðingu á sinn hátt og nota verkefnið þannig að það hentaði hverri skólagerð og kennarahópi. Þannig gerðu allir skólarnir sína áætlun um vinnu á vorönn og mátu þörf á fræðslu umfram það sem stýrihópurinn skipulagði fyrir alla.

Í janúar fór stýrihópurinn í heimsókn í skóla í London þar sem leiðsagnarmat skipar stóran sess í skólastarfinu. Markmiðið með ferðinni var að fá hugmyndir að leiðum fyrir skólana í Garðabæ til að halda áfram sinni innleiðingu.

Í febrúar komu allir skólarnir saman á fagfundum í Garðabæ sem haldnir voru í Sjalandskóla. Þar var leiðsagnarmat í leiðarljósi og var kennurum boðið upp á kynningar frá öllum skólunum á áhugaverðum nálgunum á leiðsagnarmati. Kynningarnar voru afar fjölbreyttar og gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem var til að læra af eða til að sjá að þeir væru sjálfir að gera hlutina nokkuð vel.

## Afrakstur

Verkefnið hefur í för með sér:

- enn öflugra lærdómssamfélag í grunnskólum Garðabæjar. Samstarf skólanna hefur eflist og þroskast á undanförunum árum og þetta verkefni byggir á þeim grunni og styrkir samstarfið enn frekar.
- að kennarar sýna hæfni til að beita leiðsagnarmati á fjölbreyttan hátt í kennslu sinni. Hæfnin felist í skilningi á tilgangi og mikilvægi leiðbeinandi námsmats, þekkingu á margvíslegum aðferðum við leiðsagnarmat, og jákvæðu viðhorfi til leiðsagnarmats þannig að það sé í raun nýtt í starfi kennarans.
- að nemendur njóta leiðbeinandi námsmats á öllum stigum grunnskólanáms.

Óhætt er að fullyrða að verkefnið hefur aukið skilning kennara á leiðsagnarmati og mikilvægi þess í kennslu. Kennarar hafa komist að því hversu markvisst leiðsagnarmat bætir kennsluna og eykur meðvitund nemenda um eigið nám.

Spurningakannanir sem gerðar voru í öllum þáttökuskólunum sýna að kennarar eru að prófa sig áfram með leiðsagnarmat og nýta það sem þeir hafa lært af þessu verkefni í vetur.

## Hindranir og frávik

Fljótlega eftir að verkefnið fór í gang varð ljóst að skilningur kennara og jafnvel stýrihópsins á leiðsagnarmati var mjög ábótavant. Það varð því að byrja á grunni svo að hægt væri að bæta ofan á hann. Í raun fór skólaárið allt í það í flestum skólum að búa til grunn og því var ekki hægt að fara í alla þættina sem verkefnið átti að ná til.

Í umsókn um verkefnið var auk þess sem er getið hér að ofan, áætlað að verkefnið myndi skila því:

- að leiðsagnarmat sé sýnilegt nemendum og forráðamönnum t.d. í kennslustofum og í samskiptakerfum skóla og heimila.
- að afrakstur af vinnu kennara verði aðgengilegur á vefnum öðrum til upplýsinga og gagns.
- að leiðsagnarmat sé tilgreint á öllum námssviðum, í öllum árgöngum í skólanámskrám allra grunnskólanna í Garðabæ. Í skólanámskrá eiga að sjást skýr tengsl milli þeirra hæfniviðmiða sem stefnt er að í námi nemenda og þess leiðsagnarmats sem nýtt er til að leiðbeina nemendum í átt að settu marki.

Það kom hins vegar í ljós þegar skilningur kennara á leiðsagnarmati varð betri að leiðsagnarmat er oft á tíðum munnlegt og er fyrst og fremst fyrir nemendur til að átta sig á því hvar þeir eru staddir í sínu námi og hvernig þeir eigi að ná settu marki og fyrir kennara til að átta sig á stöðu nemenda sinna og hvernig þeir geti bætt kennsluna. Það er því ekki þess eðlis að tilgangurinn sé að birta það foreldrum, þó svo að það sé haft að leiðarljósi í foreldraviðtölum vetrarins. Þá er erfitt að safna saman afrakstri kennara þar sem leiðsagnarmat er svo fjölbreytt og snýst meira um kennsluáætlanir og hugsunarhátt kennara en einstök verkefni. Það var því fallið frá því að reyna að safna verkefnum eða annarri vinnu kennara á nokkurn hátt.

Stýrihópnum gafst ekki tími til að fara nákvæmlega í allar skólanámskrár grunnskóla Garðabæjar og skoða hvernig leiðsagnarmat birtist þar, enda kannski ótímabært að leggjast í þá vinnu fyrr en allir kennarar eru búnir að uppfæra kennsluáætlanir og námsvísa þannig að nýr skilningur þeirra á leiðsagnarmati endurspeglar í þeim. Í kjölfarið á því er hægt að skoða skólanámskrár og samræma þetta. Það er verkefni sem býður verkefni næsta veturs sem verður framhald af þessu.

# Mat á verkefninu

Þegar fimm ólíkir skólar taka þátt í jafn stóru verkefni og þessu er ómögulegt að spá fyrir um útkomuna, en í þessu tilfalli gékk verkefnið afar vel og óhætt að fullyrða að allir skólarnir hafi fengið eitthvað út úr vinnunni.

Í upphafi var alveg ljóst að skólarnir væru á afar ólíkum stöðum varðandi innleiðingu og notkun á leiðsagnarmati. Það var ákveðið að reyna ekki að steypa alla skólana í sama mótið heldur leyfa hverjum og einum skóla að nýta sér verkefnið þannig að það hentaði þeirri skólagerð og kennarahópi sem fyrir var.

Stýrihópurinn var samansettur úr sterkum leiðtogum með sáum um framkvæmd verkefnisins úti í skólunum, aðhald og stuðning við kennarahópinn og að afla og miðla upplýsingum. Stýrihópurinn vann vel saman og verkefnið hélt góðum takti allan veturinn.

Það skipti stýrihópinum miklu máli að gefa kennurum rými til að prófa sig áfram og fara hægt í innleiðinguna þannig að hún yrði jákvæð upplifun. Þá var stýrihópurinn sveiganlegur varðandi framkvæmd og framgang verkefnisins, en um leið einróma um að einn vetur væri ekki nóg til þess að klára svo stórt verkefni.

Með þessu verkefni voru stigin fyrstu skrefin við innleiðingu á leiðsagnarmati eða leiðsegjandi kennsluháttum í grunnskólum Garðabæjar. Skref sem fyrir sumu voru erfið og aðra auðveld, en fyrir alla sem tóku þátt og nýttu sér leiðsagnarmat afar gagnlegir til aukinnar fagvitundar. Kennarar nýttu verkefni til að bæta kennsluna enn meira og nemendur urðu meðvitaðari í námi sínu.

Þrátt fyrir að skólagerðirnar séu ólíkar og kennarahóparnir líka er gott að ganga að einhverju leiti í takt og njóta stuðnings og hugmynda annara. Það var afgerandi í niðurstöðum spurningakönnunar sem lögð var fyrir kennarana í öllum skólunum fimm að kennurum finnst gott að læra hver af öðrum hvort sem er innan síns skóla eða milli skóla. Samvinna kennara Garðabæjar er til fyrirmyndar og til þess fallin að auðga bæjarfélagið og skólamenningu þess. Ánægðir, faglegir og áhugasamir kennarar eru góðir kennarar.

Garðabær 27. júní 2018

---

Silja Kristjánsdóttir

# Fylgiskjal 1

## Fundargerðir

# Leiðsagnarmat í grunnskólum Garðabæjar Fundargerðir

## 14. ágúst - fundur í Hofsstaðaskóla

Fundurinn var haldinn áður en sameiginlegir fyrirlestrar fyrir alla kennara Garðabæjar voru í Hofsstaðaskóla og FG. Tilgangurinn var að stýrihópurinn fengi að hittast og fara yfir hlutverk sitt á þessum sameiginlegu fyrirlestrum. Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla og forsprakki verkefnisins stýrði fundinum.

Á fundinn voru mættar:

Brynhildur Sigurðardóttir, Garðaskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Kynnt var sú ákvörðun að ráða Silju Kristjánsdóttur kennara í Sjálandsskóla sem verkefnastjóra yfir þessu verkefni.

Ákveðið var á fundinum að halda fyrsta formlega fund stýrihópsins ásamt fulltrúum skólastjórnenda úr hverjum skóla í Sjálandsskóla föstudaginn 25. ágúst kl. 14.10.

### Fylgigögn:

Padlet-veggir með efni fyrir leiðsagnarmatsnámskeið fyrir kennara yngri nemenda og eldri:

Slóðin á padlet-vegg fyrir **kennara í 1.–6. bekk** hefur verið sent áður og er: <https://padlet.com/solveigz/984qkzehs9ow> og lykilorðið er: 14

Slóðin á padlet-vegg fyrir **kennara í 7. –10. bekk** er: <https://padlet.com/solveigz/h6yzo6uxv7h> og lykilorðið er: 14

## 17. ágúst - fundur í Sjálandsskóla

Fundur Silju Kristjánsdóttur og Brynhildar Sigurðardóttur í Sjálandsskóla þar sem farið var yfir verkefnið - tilurð þess og væntingar þeirra sem hleyptu því af stað.

Brynhildur kom með afrit af umsókn um styrki þar sem markmið og tímarammi var til staðar. Skoða þarf að uppfæra tímaramma og aðlaga að raunverulegu verkefni.

Verkefnið hlaut styrk að upphæð 5.850.000 kr sem skiptist í verkstjórn, laun stýrihóps og aðkeypta þjónustu.

Passa þarf að peningurinn verði nýttur í verkefni sem nýtist öllum skólunum, án þess þó að reyna að steypa öllum í sama formið.

Markmiðið er að efla vitund kennara í Garðabæ um leiðsagnarmat og skoða það hvernig það er notað í skólunum. Þá þarf að skoða hvernig leiðsagnarmat birtist foreldrum, hvernig það birtist í kennsluáætlunum.

Möguleg afurð verkefnisins er:

- Leiðsagnarmat sýnilegra í skólanámskrá
- Uppbygging gagnabanka
- aukin meðvitund / hæfni kennara
- aukin meðvitund nemenda

Árangur verkefnisins má t.d. meta með:

- rýnivíðtölum
- skoða breytingu á kennsluáætlunum
- sýnilegra leiðsagnarmat
  - sýnileg viðmið
  - markvissari uppbygging námsmats

Verkefnastjórn:

- halda utan um gögn
- passa upp á tímalínu
  - starta stýrihóp með fulltrúum úr öllum skólum sem svo stjórna verkefninu í sínum skólum
- ýta verkefninu áfram
  - boða fundi
  - passa upp á samskipti allra aðila
  - allir viti allt
- fundargerðir, fundarstjórn - skýr dagskrá
- hafa samband við 3ja aðila
- framkvæma matsþættina
  - passa upp á framkvæmd
  - halda utan um gögn
- Drög að lokaskýrslu til Brynhildar

Fundur stýrihóps og skólastjórnenda 25. Ágúst 2017 í Sjálandsskóla  
Dagskrá:

- Fundur settur og allir kynntir
- Upprifjun á markmiðum verkefnisins, hvað er búið að gera og hvað verður gert
- Umræður um það hvað vilja aðilar fá út úr verkefninu.
- Stýrihópur tekur formlega til starfa

Beiðni hefur verið send til Tölvudeildar Garðabæjar um að opna fyrir aðgang þeirra sem eru í stýrihópnum að drifi Menntaklifsins. Þar er ætlunin að geyma gögn og deila á milli. Aðgangurinn hefur ekki verið opnaður.



## 25. ágúst - fundur í Sjúlandsskóla

Fundur haldinn í Sjúlandsskóla föstudaginn 25. ágúst 2017. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar stýrihóps úr hverjum skóla auk fulltrúa skólastjórnenda.

Mættar voru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Ólöf Sigurðardóttir, Flataskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Brynhildur Sigurðardóttir, Garðaskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Margrét Harðardóttir, Hofsstaðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Edda Björg Sigurðardóttir, Sjúlandsskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjúlandsskóla

Fundarkonur fengu allar eftirfarandi texta út prentaðan:

*Markmið verkefnisins:*

- *Að kennarar nái sameiginlegum skilningi á því að leiðsagnarmat er námsmat sem er leiðbeinandi fyrir nemendum (og forráðamenn)*
- *Allir kennarar þekki margvíslegar aðferðir og birtingarmyndir leiðsagnarmats og geti nýtt þær í sinni kennslu*
- *Að leiðsagnarmat sé nátengt þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að í náminu*
- *Að hæfniviðmið og leiðsagnarmat séu sýnileg nemendum og forráðamönnum allan námsferilinn, t.d. í kennslustofum og samskiptakerfum skóla og heimila*
- *Að kennarar fái stuðning til að skilgreina leiðsagnarmatið í sinni kennslu, staðsetja það og hefja/þróa vinnu við það án þess að verkefnið verði of tímafrekt*

*Umræðupunktur:*

- *Hvað er verið að gera í skólunum nú þegar?*
- *Hver á afrakstur verkefnisins að vera? Hvernig á að birta hann og meta?*
- *Hugmyndir að sameiginlegum námskeiðum?*

Þegar allir höfðu kynnt sig var farið í umræðupunktana. Í ljós kom að allir skólarnir eru að gera alveg helling sem tengist leiðsagnarmati en þurfa kannski að samræma vinnubrögðin innan hvers skóla og skoða hvar og hvenær leiðsagnarmat er notað með tilliti til tilgangs. Álftanesskóli er kominn lengst í sinni vinnu enda búinn að vera í innleiðingu á leiðsagnarmati og vaxandi hugarfari í rúmt ár.

Í lok fundar var verkefnið formlega sett í hendurnar á stýrihópnum sem skipað er 1-2 fulltrúum úr hverjum skóla. Ákveðið var að stýrihópurinn hittist aftur á fundi í Hofsstaðaskóla föstudaginn 8. sept kl. 14.10.

## 8. september - fundur í Hofsstaðaskóla

Megin verkefni fundarins eru að fara yfir eða skilgreina verkþætti verkefnisins, skoða verkáætlun og fjalla um tillögur að skipulagi á sameiginlegum fagfundum í Garðabæ 13. febrúar 2018.

Mættar voru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
 Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
 Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
 Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
 Margrét Harðardóttir, Hofsstaðaskóla  
 Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
 Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
 Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla

Verkþættir

Námskeið/fyrirlestur	Námsferð	Fagfundir í Garðabæ
Erna Ingibjörg og Hildur úr Álftanesskóla	stýrihópsins í skóla sem innleitt hefur kenningar Shirley Clark	
Ca. 1 klst á kennarafundi í hverjum skóla þar sem farið verður yfir hugtök svo sem leiðsagnarmat og lokamat og vaxandi hugarfar verður kynnt	Æskilegt þykir að 2 fulltrúar fari úr hverjum skóla. Athuga með styrk fyrir ferðakostnaði	Skoða þarf staðsetningu - eiga allir að vera á sama stað? Einn fyrirlesari?  Shirley Clark
á að vera lokið í lok október	Skoða þarf mögulegar dagsetningar í nóvember eða janúar	13. febrúar

Stýrihópurinn skipti með sér verkum:

Erna Ingibjörg og Hildur sjá um námskeið/fyrirlestur fyrir aðra skóla. Borgað er fyrir það með styrknum - aðkeypt þjónusta.

Erna Ingibjörg notar sambönd sem hún hefur til að ná sambandi við mögulega heimsóknarskóla í UK.

Margrét og Arnheiður skoða hótél og flug til London

Silja kannar hvort hægt sé að halda fagfundina í Sjálandsskóla - ef ekki þá hvar?

Allur stýrihópurinn er kominn í hóp á Facebook -

<https://www.facebook.com/groups/leidsagnarmatigardabae> - þar sem samskipti hópsins milli funda fara fram. Samskiptin sem þar fara fram koma ekki sérstaklega inn í fundargerðir nema vera rædd á fundum.

Næsti fundur boðaður 20. október í Flataskóla kl. 14.10.

## Fylgiskjöl:

Ritgerð Hildar Karlsdóttur - Með leiðsagnarmat að leiðarljósi:

[https://skemman.is/bitstream/1946/23859/1/Lokaritgerd-HildurKarlsdottir\\_26.%20jan\\_2016.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/23859/1/Lokaritgerd-HildurKarlsdottir_26.%20jan_2016.pdf)

## 20. október 2017 - fundur í Flataskóla

Megin atriði fundarins er að fara yfir það sem gerst hefur síðan á síðasta fundi og ákveða hvert skal haldið í framhaldi af því.

Mættar er:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Margrét Harðardóttir, Hofstaðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjúalandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjúalandsskóla

1. verkþætti er lokið - Erna Ingibjörg og Hildur héldu fyrirlestra fyrir alla skólana. Mikil ánægja var með fyrirlestrana og sérstaklega var talað um að skemmtilegt hefði verið að Sjúalandsskóli fékk að vera með Flataskóla (vegna fyrirlestra í forvarnarviku). Þar sköpuðust skemmtilegar umræður og kennarar skiptust á hugmyndum.

Varðandi skólaheimsóknserferðina kom Erna Ingibjörg sér í samband við Kristínu Wallis sem hefur verið tengiliður fyrir marga skóla vegna skólaheimsókna til Englands. Hún kom sér í samband við Langford Primary (<http://www.langfordprimary.org.uk/>), þar sem Seamus Gibbons hefur verið í samstarfi við Shirley Clark. Stýrihópurinn er velkominn í heimsókn 18.-19. janúar eða 25.-26. janúar.

Ákveðið var að stefna að ferð 25. - 26. janúar.

Búið var að taka það fyrir á fundi skólastjórnenda hvort nota mætti hluta af styrknum til að styrkja stýrihópinn til fararinnar, en það var ekki samþykkt og því verða þeir sem fara í ferðina að greiða hana sjálfir eða nota eigin styrk úr KÍ.

Arnheiður og Margrét eru á fullu að skoða hótél og flug. Ákvarðanir um flug og gistingu verða teknar á facebook síðu stýrihópsins.

Fagfundir í febrúar. Búið var að útiloka það að vera með fyrirlestra fyrir alla í Sjúalandsskóla þar sem hljóðvistin í hátíðarsalnum er ekki góð, en Skátasalurinn eða Golfskálinn höfðu verið nefndir sem mögulegir salir sem tækju við öllum þessum fjölda kennara.

Dagskrá hefur þó ekki enn verið ákveðin og á fundinum var rætt að í ljósi þeirra umræðna og hugmyndaskipta sem upp komu á fyrirlestrum Ernu Ingibjargar og Hildar, væri kannski bara gott að nota þennan stutta tíma sem fagfundirnir taka á svipaðan hátt og síðustu ár. Þar sem kennarar sem eru að kenna sömu fög í öllum

skólunum hittast og skiptast á hugmyndum. Allar voru þó sammála um að við yrðum að tryggja það að umræðurnar yrðu markvissar, vel stjórnað og að skoða hver útkoman ætti að vera. T.d. fundargerð eða annað sem stýrihópurinn getur fengið í hendurnar og unnið með.

Þá var rætt hvort mögulega ætti að fá 1 eða 2 aðila til að halda örfyrirlestra - svo sem Þorgrím Þráinsson, Vilborgu Örnú Gissurardóttur, Björn Thors eða aðra. Eitthvað til að opna umræðurnar eða loka þeim. Þá þarf að skoða veitingar. Einnig kom upp hugmynd um menntagöngur, þar sem 3-4 kennarar eða kennarahópar eru fengnir til að kynna verkefni sem þeir eru að gera eða hvernig þeir útfæra leiðsagnarmat. Þetta hefur verið gert í Hofsstaðaskóla.

Erna Ingibjörg hafði komist að því að Shirley Clark væri væntanleg til landsins að halda fyrirlestur fyrir einhverja skóla í Reykjavík og athugaði hún hvort að möguleiki væri á að fá hana til að tala líka við skólana okkar í Garðabæ. Það var ekki hægt þar sem tíminn sem hún hefur á landinu er ekki nægur auk þess sem þetta er í mars. Vonumst við samt til að gera fengið það í gegn að stýrihópurinn fái að sitja fyrirlesturinn í Reykjavík, en það var samt ekki víst þar sem yfirbókað er á fyrirlesturinn.

Þá kom upp sú hugmynd að athuga hvort hægt væri að fá Shirley Clark til að halda fyrirlestur fyrir alla kennara í Garðabæ í upphafi næsta skólaárs - og líta þannig á verkefnið sem lengra en bara til eins árs.

Álftanesskóli lagði fram áætlun þeirra um hvernig vinnu við innleiðingu leiðsagnarmats verður háttáð þetta skólaár. Ákveðið var að æskilegt væri að allir skólar væru búnir að gera slíkar áætlanir fyrir næsta fund.

Erna Ingibjörg sýndi líka bók sem hún skrifaði um leiðsagnarmat og innleiðingu þess í Álftanesskóla. Álftanesskóli kaupir bókina fyrir alla kennara af Ernu, til greina kemur að aðrir skólar geri slíkt hið sama eða að verkefnið kaupi bókina.

Loks kynnt Erna Ingibjörg áætlun Álftanessskóla um að allir kennarar settu sér markmið og skiluðu þeim skriflega til skólastjórnenda um það hvernig þeir ætla að vinna í innleiðingu leiðsagnarmats eða hvernig þeir ætla að þróa sig í því. Allir skólar fengu afrit af skjalinu.

Næsti fundur var boðaður 10. nóvember kl. 14.20 í Garðaskóla.

Þá eiga allir skólar að vera búnir að gera áætlun um það hvernig unnið verður með innleiðingu leiðsagnarmats á þessu skólaári.

Ætlunin er að horfa á brot af myndböndum sem Erna Ingibjörg og Hildur hafa undir höndum þar sem leiðsagnarmat er notað á góðan hátt. Skólarnir geta í framhaldi fengið mynddiskana lánaða til að nota í sínum skóla.

Æskilegt er að endanleg áætlun verði gerð á fundinum um fagfundina í febrúar. Athuga þarf hvort bæta þurfi við verkþáttum og huga að því hvernig meta skuli árangur verkefnisins.

## **10. nóvember - Fundur í Garðaskóla**

Mættar eru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla

Helga María Guðmundsdóttir, Flataskóla

Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla

Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Kristjana Sigursteinsdóttir, Garðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla

Farið var yfir stöðuna í hverjum skóla og óhætt að segja að allir séu komnir vel af stað - þó svo að enn sé að bera nokkuð á því að kennarar séu að ruglast á lokamati og leiðsagnarmati.

Við þurfum að leggja áherslu á að leiðsagnarmat á að fara fram inni í kennslustundunum en ekki á milli þeirra.

Allir skólar lögðu fram áætlun um áframhaldandi vinnu tengda verkefninu í hverjum skóla. Hver skóli er að fara sína leið.

Hvernig birtist leiðsagnarmat í íþróttatímum. Flestir kennarar eru með flott markmið, en eru þau sýnileg, er jafningjamat, samræður eða annað. Er ástæða til að bjóða íþróttakennurum sérstaka handleiðslu varðandi leiðsagnarmat.

Þá var mikið rætt um fagfundina 13. febrúar og spenna fyrir því að prófa að breyta fyrirkomulaginu á þeim aðeins. Jafnvel vera með þá í Menntadagastíl þar sem hver skóli kynnti skemmtileg verkefni sem verið er að gera í hverjum skóla.

Í lok fundarins sýndu Erna Ingibjörg og Hildur valdar klippur af myndbandi frá Shirley Clark. Álftanesskóli á mynddiskinn og gaman gæti verið fyrir aðra skóla að nýta sér hann.

Næsti fundur var boðaður 7. desember í Álftanesskóla.

## **11. desember - Fundur í Álftanesskóla**

Mættar eru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Helga María Guðmundsdóttir, Flataskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Kristjana Sigursteinsdóttir, Garðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjálandsskóla

Efni fundarins eru fagfundirnir í Garðabæ. Taka verður endanlega ákvörðun um dagskrá og annað.

Ákveðið er að fagfundirnir fari fram í Sjálandsskóla 13. febrúar 2018 kl. 14:30 - 16:30.

14:30 er mæting í hátíðarsal Sjúlandsskóla (muna að hvetja kennara til að koma saman á bílum í Sjúlandsskóla þar sem bílastæði eru af skornum skammti). Þar verður kaffi og með því.

14:45 málstofur - hver skóli með 2-3 málstofur um leiðsagnarmat út frá mismunandi sjónarhornum. Gert ráð fyrir kynningu í 10-15 mínútur og svo umræðum. Heildar tími eru 30 mín.

15:20 fagfundir. Árgangsskipt í 1. - 7. bekk en faggreina skipt í 7. - 10. bekk.

Faggreinar:

- Íslenska
- Stærðfræði
- Enska og danska
- Náttúrufræði
- Samfélagsfræði
- Íþróttir
- Listgreinar (dans, leiklist, myndmennt og tónmennt)
- Verkgreinar (heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennt)

Áætlað er að fagfundirnir taki klukkustund og séu því búnir kl. 16:20 en þá er smá svigrúm ef dagskráin dregst eða ef kennarar koma saman á bílum til að ljúka á réttum tíma kl. 16.30.

Efni fagfundanna er leiðsagnarmat. Þá á umræðustjóri að halda fólki við efnið og taka stöðuna á því hvernig verið er að nýta leiðsagnarmat í greininni og einnig að athuga hvort mögulega þurfi að fá ráðgjöf sérstaklega fyrir ákveðna grein eða greinar.

Þar sem fagfundirnir hafa venjulega verið haldnir í öllum skólunum og skólarnir því deilt á sig kostnaðinum við veitingar verður að finna lausn á því. Það er lagt til að aðstoðarskólastjórar sem hafa hingað til séð um að skipuleggja fagfundina fái það verkefni að finna út úr þessu.

Þá þykir æskilegt að bjóða ekki bara upp á kleinur eða annað bakkelsi heldur einnig hollari kost svo sem ávexti eða grænmeti.

Næsti fundur er boðaður í Sjúlandsskóla 12. janúar kl. 14.10. Þá er æskilegt að allir viti hvaða málstofur verða hjá hverjum skóla.

## 12. janúar - Fundur í Sjúlandsskóla

Mættar eru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Kristjana Sigursteinsdóttir, Garðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjúlandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjúlandsskóla

Efni fundarins sem að klára skipulag fagfunda í Garðabæ 13. febrúar og ræða um stöðuna í hverjum skóla og framhald verkefnisins.

Skjal sem dreift var til allra í upphafi fundar:

*Fagfundir í Garðabæ 13. febrúar 2018*

*14:30 - Mæting í hátíðarsal Sjálandsskóla (kennarar eru hvattir til að sameinast í bíla).*

*14:45 - 15:15 - Málstofur. Hver skóli er með 2 - 3 málstofur þar sem leiðsagnarmat er í forgrunni. Stutt kynning og umræður. Kennarar skrá sig á málstofur fyrirfram og eru sérstaklega hvattir til að sækja málstofur hjá öðrum skólum.*

*15:20 - 16:30 - Fagfundir. Árgangaskipt í 1. - 7. bekk. Unglingadeild og aðrir kennarar skiptast í:*

- Íslenska
- Stærðfræði
- Enska og danska
- Náttúrufræði og samfélagsfræði
- Íþróttir
- Listgreinar (Dans, leiklist, myndmennt, tónmennt)
- Verkgreinar (Heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmenn)

*Hver hópur velur sér fundarstjóra og fundaritarar. Fjalla á um birtingu leiðsagnarmats í faginu og hvert framhaldið er. Þá skal velja þeirri spurningu upp hvort æskilegt sé að fá ráðgjöf fyrir hópinn?*

*Hópurinn skilar af sér fundargerð til stýrihóps ekki seinna en 16. febrúar.*

Fulltrúar Garðaskóla í stýrihópnum stungu upp á því að breyta því að skipt væri eftir árgöngum í 1. - 6. bekk en að kennarar í 7. bekk færu inn í faggreina skiptinguna þannig að hægt væri að mynda betri samfellu milli skólastigana. Það væri sérstaklega gott fyrir nemendur ef verið væri að vinna leiðsagnarmat á sambærilegan hátt á miðstigi og í unglingsdeild. Þá væri gaman að fá stærra þýði kennara til að deila á faggreinarnar þar sem t.d. í samfélagsfræði mæta stundum bara kennarar úr Garðaskóla.

Þetta var samþykkt sem tilraun sem þá væri hægt að breyta aftur til baka ef þetta væri ekki að virka - þá sérstaklega ef kennarar í 7. bekk eru ekki að græða mikið á þessu.

Kennarar í 7. bekk í Hofsstaðaskóla verða ekki með þar sem þeir verða á Reykjum.

Þá var ákveðið að leggja mikla áherslu á að tryggja það að á hvern fagfund mæti að minnsta kosti einn úr hverjum skóla. Það á að vera í höndum skólastjórnenda að tryggja það en stýrihópurinn getur fylgt því eftir.

Mælt var með því að þeir kennarar sem væru með kynningu æfðu sig að kynna með því að vera með kynningu fyrir kennarana í sínum skóla svo sem á kennarafundi. Tilgangurinn með þessu var tvíþættur annarsvegar að þeir sem væru að kynna væru vel undirbúnir og svo hitt að reynt væri stýra því þannig að kennarar færu ekki á málstofur þeirra sem væru að vinna í sama skóla.

Í lokin var það ákveðið að þegar kæmi að skráningu væri kennurum ekki boðið upp á að skrá sig á málstofur hjá kennurum í sínum skóla.

Muna eftir að útbúa bæði skráningarlista og mætingarlista.

Málstofur verða:

Flataskóli: list- og verkgreinar - tón-, textíl- og myndmennt

6. bekkur

Sjáländsskóli: 7. bekkur - þema

6. bekkur

Álftanesskóli: Unglingadeild - stærðfræði

3. bekkur - stærðfræði og lífsleikni

Hofstaðaskóli: ?

Garðaskóli: Náttúrufræði

Samfélagsfræði - sóknarkvarðar

List- og verkgreinar

Rætt var um komandi ferð til London þar sem stýrihópurinn mun heimsækja Langford Primary. Skólanum er stýrt af Seamus Gibbons sem hefur unnið með Shirley Clark og er mjög framarlega í notkun leiðsagnarmats í öllu námi. Mun hópurinn fara í 2ja daga heimsókn í skólann.

Stóra spurningin er hvernig á að halda umræðunni gangandi og tryggja það að innleiðing leiðsagnarmats haldi áfram í hverjum skóla.

Áður hafði verið rætt um kveikjur á kaffistofu kennara eða á facebooksíður skólanna, en slíkt þótti ekki mjög líklegt til árangurs. Lítil viðbrögð voru við tilraun til slíks í Sjáländsskóla.

Fulltrúar Hofsstaðaskóla sögðust hafa hitt teymi skólans á fundum og rætt leiðsagnarmat og fannst gott að hitta kennarahópurinn í smærri hópum.

Fulltrúi Flataskóla sagði frá því að Erna Ingibjörg hefði komið til þeirra með erindi í kjölfarið á því að skólinn keypti bókina hennar fyrir allan skólann. Kennurum í Flataskóla fannst gott að rifja upp og halda sig við efnið.

Stýrihópurinn bindur miklar vonir við heimsóknina í Langford Primary og vonast til að koma heim með fullt af hugmyndum sem hægt verður að kynna fyrir kennurum skólanna.

Næstu skref eru því ferðin og skólaheimsóknin og sjá hvað kemur út úr því. Þar á eftir verða fagfundirnir og það er mikilvægt fyrir stýrihópinn að fá upplýsingar um bæði stöðuna á kennarahópunum og faggreinunum og heyra væntingar kennara til framhaldsins almennt. Eftir að fagfundirnir eru búnir á stýrihópurinn að geta ákveðið hvert framhald verkefnisins verður og hvar þurfi að grípa inn í.

Tveir fundir eru boðaðir. 2. febrúar kl. 14.10 í Hofsstaðaskóla. Þar verður rætt um ferðina og lausa enda varðandi fagfundina. 2. mars kl. 14.10 í Flataskóla þar sem fagfundirnir verða gerðir upp.

## 2. febrúar - Fundur í Hofsstaðaskóla

Mættar eru:

Halla Rósenkranz, Flataskóla



Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Kristjana Sigursteinsdóttir, Garðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Harðardóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjólandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjólandsskóla

Aðalefni fundarins er ferð stýrihópsins til London og skólaheimsóknin þar, auk þess sem klára þarf umræðu um fagfundina.

Stýrihópurinn var mjög ánægður með heimsóknina í Langford Primary og sérstaklega með það að hafa bæði fengið kynningu og fengið að sitja í tímum. Það veitti betri innsýn í notkun leiðsagnarmats í skólanum.

Sérstaka athygli vakti svo kölluð “no sitting down rule” þar sem kennararnir áttu ekki að setjast niður í kennslustundum. Þeir voru alltaf á ferðinni og alltaf að gefa nemendum “feedback” á verkefni sín.

Litlar white board töflur og notkun þeirra vakti athygli og höfðu fulltrúar í stýrihópnum þegar innleitt notkun þeirra í sína kennslu.

Bent var á að hægt væri að kaupa slíkar töflur hjá ABC-skólavörum. Þá þyrfti að kaupa penna og vera með gamla sokka eða annað til að þurrka af töflunum.

Skólastjórinn Seamus Gibbons og aðstoðarskólastjórinn þóttu hafa mikla útgeislun og segja skemmtilega og skiljanlega frá - þannig að það gæti verið þess virði að reyna að hafa samband við þau og athuga hvort hægt sé að fá þau til að heimsækja kennara í Garðabæ í upphafi næsta skólaárs. Kanna þarf hvort þau séu viljug í slíka heimsókn og hvað hún gæti kostað.

Allir fulltrúar stýrihópsins ætla að hafa kynningu á ferðinni í sínum skóla - sýna myndir og kynna hvað hægt sé að taka inn í hverjum skóla. Allir munu svo skila kynningunum inn á facebook eða menntaklifsdrifið. Athuga þarf hvort æskilegt sé að fá smá greinargerð frá hópnum um ferðina inn í lokaskýrslu verkefnisins.

Varðandi fagfundina þurfa allir sem eru með málstofur að skila nokkrum orðum um kynninguna svo hægt sé að klára að útbúa skráningarblöð fyrir málstofurnar. Lýsingarnar þurfa að berast verkefnastjóra í síðasta lagi þriðjudaginn 6. febrúar.

Áréttað var að hvetja kennara til að sameinast í bíla og tryggja það að það mæti að minnsta kosti einn kennari úr hverjum skóla á alla fagfundina.

Verkefnastjóri kynnti hugmynd sem upp hafði komið á fundi hennar og Brynhildar Sigurðardóttur skólastjóra í Garðaskóla og ábyrgðamanni verkefnisins að kaupa gögn af kennurum til birtingar á vef Garðabæjar. Þá yrði að vera um að ræða gögn sem gætu nýst öðrum kennurum. Þetta mætti vera hvort sem er nýtt efni eða góðar þýðingar á erlendum gögnum. Markmiðið með þessu væri að búa til einhverskonar

gagnabanka sem kennarar í Garðabæ gætu leitað í. Gagnabankinn væri opinn öllum. Það að safna saman gögnum í slíkan banka var eitt af markmiðum þessa verkefnis. Hugmyndinni var ágætlega tekið, en var stýrihópurinn þó sammála um að leiðsagnarmat snúist að mestu leiti um hugarfar en ekki um gögn. Það væri því lykilatriði að reyna að virkja hugarfar kennara í Garðabæ, en hvaða leiðir væru góðar til þess er annað mál. Endurtekning, hvatning, fræðsla er meðal þess sem virkar til að virkja hugarfarið.

Þá var stuttlega rætt um hvað skyldi gera í framhaldi af þessu verkefni. Hvort æskilegt væri að allir skólarnir héldu áfram að vinna saman að innleiðingu leiðsagnarmats. Hvort sumir skólarnir héldu áfram saman á meðan aðrir færu sína leið. 1 ár er stuttur tími í svona verkefni.

Stýrihópsfulltrúar sem höfðu verið í Skín verkefninu sögðu frá samstarfi Garðaskóla og Hofsstaðaskóla þar sem verkefnið var unnið í sitthvoru lagi en 2x á hvorri önn áttu kennararnir í verkefninu saman fundi þar sem þeir kynntu fyrir hvorum öðrum hvað var að gerast. Þetta verkefni þótti hafa gengið afar vel og voru þeir sem til þekktu ánægðir með hvernig það var að smita út frá sér sérstaklega í Hofsstaðaskóla. Stýrihópsfulltrúar voru hvattir til að ræða framhaldið við sína skólastjórnendur. Æskilegt væri að vera komin með ágætlega skíra mynd af framhaldinu sem fyrst ef sækja á um áframhaldandi styrki í þróunarsjóð eða annað.

Næsti fundur er boðaður 2. mars í Flataskóla kl. 14.10. Þá verða fagfundirnir gerðir upp. Þangað til þarf að:

- Skila lýsingu á málstofum í síðasta lagi 6. febrúar.
- Setja upp skráningu fyrir málstofur og kynna daginn fyrri kennarahópunum. Gott væri að fá skráningarlistana daginn fyrir fagfundina þannig að hægt sé að bregðast við ef yfir fullt er í einhverjar málstofur. Reynum samt að stýra því þannig að fólk dreifi sér vel á málstofur.
- Ræða við skólastjórnendur um væntingar til áframhaldandi samstarfsskólana varðandi leiðsagnarmat.
- Velta því fyrir sér hvort það væri sniðugt að kaupa gögn af kennurum.
- Hafa samband við Seamus Gibbons varðandi mögulega heimsókn í ágúst. (Silja)

Gleymdist að ræða á fundinum:

Ósk kom fram frá riturum skólanna að þeir fengju að hittast á fagfundi á sama tíma og kennarar.

## **2. mars 2018 - fundur í Flataskóla**

Megin atriði fundarins er að fara yfir fagfundina - rýna í fundargerðir og taka ákvörðun um framhaldið.

Mættar er:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Erna María Guðmundsdóttir, Flataskóla  
Erna Ingibjörg Pálsdóttir, Álftanesskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla

Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Margrét Harðardóttir, Hofsstaðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjálandsskóla  
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjálandsskóla

Allir voru sammála um að fagfundirnir hefðu gengið nokkuð vel og almenn ánægja var með þá í öllum skólum. Það hefði þó mátt hafa almennari nöfn á málstofunum, það er að segja að vísa ekki í ákveðinn bekk - þá hefði verið hægt að koma í veg fyrir "ekkert fyrir mig" ræðurnar hjá mörgum kennurum.

Sumir kennarar áttu erfitt með að yfirfæra málstofuerindi á eigin kennslu. Kennurum í 1. bekk fannst þeir lítið hafa við skrifleg fyrirmæli að gera - þar eru bara munnleg fyrirmæli (ath myndræn fyrirmæli).

Garðaskólakennarar voru ósáttir við að fá ekki að fara á málstofur hjá kennurum í eigin skólum. Allir skólar verða að gera pláss fyrir það hjá sér að kennarar fái að flytja málstofuerindi sín fyrir samkennara.

Þó nokkuð er um að kennarar séu þegar farnir að prófa sig áfram með það sem þeir sáu á málstofunum, svo sem námsveggi og kvarða í stærðfræði og fleira.

7. bekkjarkennurum fannst gott að vera með unglíngastigi.

Allir sammála um að umræðan á fagfundunum hafi verið betri og markvissari en undanfarin ár. Það er því gott að vera með innlegg áður en umræður fara fram.

Hér eru fundargerðirnar fyrir fagfundina:

[https://docs.google.com/document/d/1OgeXgQC-lkZC6o9pNzjIKCEzMS\\_p5Z8YiQ4znm8kDI/edit?usp=sharing](https://docs.google.com/document/d/1OgeXgQC-lkZC6o9pNzjIKCEzMS_p5Z8YiQ4znm8kDI/edit?usp=sharing)

Erna Ingibjörg var með mjög góðan lista um það sem henni fannst áhugavert við fundargerðir fagfundanna.

Þá voru spurningarnar: Hvað ætlum við að sjá koma út úr þessu? og Til hvers erum við að gera þetta? ofarlega í huga og eitthvað sem stýrihópurinn verður að gera komið með kjarnað svar við.

Að nota Assessment learning í stað Formative assessment - leiða leiðbeinandi kennsluhættir í stað leiðsagnarmat. Á nýrri umsókn um þróunarverkefni fyrir næsta ár er talað um leiðbeinandi kennsluhætti í stað leiðsagnarmats.

Við verðum að setja orðræðuna skýrt fram í kennarahópnum.

Þá var farið í að ræða hvort fá ætti Shirley Clark eða Seamus Gibbon sem fyrirlesara til að starta næsta vetri.

Shirley kostar 5.000 pund + flug og gistingu og getur aðeins komið 15., 17. eða 18. október en er með mjög spennandi heilsdagsprógram fyrir allan hópinn sem byggir á nýrri bók sem hún er að gefa út í júní.

Seamus getur komið í ágúst og kostar 2.000 pund með flugi og gistingu. Hann getur búið til prógram sem er sniðið að okkar þörfum.

Stýrihópurinn er hrifinn af þeirri hugmynd að reyna að fá Seamus í byrjun skólaársins. 13. eða 15. ágúst þar sem 14. ágúst verða menntabúðir tengdar tölvueitthvað. Þá var sú hugmynd rædd að fá hann til að tala í ½ dag við alla og svo ½ í framhaldi við leiðtoga úr öllum skólum.

Silja hefur samband við hann og athugar hvort þetta gangi upp.

Umsókn um áframhaldandi samstarfsverkefni allra skólanna hefur verið skilað. Þá hefur heitinu verið breytt í Leiðbeinandi kennsluhættir og er gert ráð fyrir að Silja verði áfram verkefnastjóri en að Erna Ingibjörg og Hildur verði faglegir leiðtogar verkefnisins.

Næstu skref þessa verkefnis:

Kynningar í hverjum skóla. Það er æskilegt að þeir sem héldu erindi á málstofum fái tækifæri til að kynna erindið fyrir sínum samstarfsmönnum. Auk þess ætla þeir sem fóru í ferðina til London í janúar að kynna það fyrir samkenurum.

Garðaskóli er að fara að hitta aðra unglingaskóla og mun þar kynna leiðsagnarmat.

Álftanesskóli er kominn að því að fjalla um endurgjöf við sína kennara.

Allir skólar eru með áætlun um það hvernig vinnan á að halda áfram á þessari önn og þeim áætlunum þarf að framfylgja. Það er á ábyrgð fulltrúa í stýrihópi og skólastjórnenda.

Allir vilja fá tíma til að vinna í þessu, prófa sig áfram og þæla.

Þá kom upp sú hugmynd að í lok annar myndi kennarahópurinn í hverjum skóla vera spurður út í það hvað hann sé að gera í leiðsagnarmati og hverju það hafi skilað.

Sú spurning hefur komið upp hvort við drepum sköpun með leiðsagnarmati - þegar við sýnum nemendum fyrirmyndir. Stýrihópurinn vildi ekki meina það - heldur væri nægilegt rými fyrir sköpun innan rammans og jafnvel rými til að fara út fyrir hann.

Þá var ákveðið að fara ekki í það að kaupa gögn af kenurum eða reyna að safna þeim saman á annan hátt fyrir þetta verkefni. Leiðsagnarmat snýst að svo miklu leiti um hugarfar og kennsluhætti frekar en kvarða eða önnur gögn. Kennarar eru samt hvattir til að deila gögnum sínum á milli.

Næsti fundur er í Garðaskóla 20. apríl.

Þangað til heldur vinnan áfram í hverjum skóla fyrir sig.

Þá á að vera ljóst hver kemur til okkar með fyrirlestur og hvenær.

Stýrihópurinn er hvattur til að fara að huga að því hvernig hægt er að mæla árangur af verkefninu fyrir lokaskýrslu. Setja fram einhvern texta um það sem hefur verið gert í hverjum skóla og hverju það hefur skilað.

Ath. Skoða það næst að setja fram spurningakönnun sem send verður á kennara, foreldra og nemendur?

## **9. mars - aukaupplýsingar:**

Seamus Gibbon kemur til okkar og heldur fyrirlestur 15. ágúst. 9-12 fyrir alla kennara og 13-16 fyrir leiðtoga. Hann mun bóka flug og gistingu sjálfur. Mun gista í Reykjavík og Silja mun sjá um að keyra hann á milli.

## **20.apríl fundur í Garðaskóla**

Mættar er:

Halla Rósenkranz, Flataskóla  
Erna María Guðmundsdóttir, Flataskóla  
Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Margrét Harðardóttir, Hofsstaðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Margrét Erla Björnsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjúalandsskóla  
Sigurlín Sumarliðadóttir, Sjúalandsskóla  
Geirprúður Guðmundsdóttir, Sjúalandsskóla

Byrjað var á því að fara yfir hvað er búið að vera gera í hverjum skóla. Margrét og Adda fóru í heimsókn út á Álftanes. Þær mæla með því að fara og skoða hjá öðrum. Hofsstaðaskóli sagði frá og sýndi matskvarða í stærðfræði þar sem nemendur meta sig sjálfir. Reyndist mjög vel þar og nemendur keppast um að komast á grænt. Margt sem hefur áunnist í vetur. Kynning í Garðaskóla á ferðinni. Flataskóli var með uppgjör á vetrinum, kennarar að segja frá því hvað þeir væru búnir að vera gera. Sjúalandsskóli sagði frá margföldunar áskorunum.

Rætt um að sumir upplifa það sé erfitt að vera "óbreyttur" kennari í þessum stýrihóp og reyna að leiðbeina samkennurum. Þegar þær koma með innlegg á fundi þá upplifa þeir að það sé ekki verið að hlusta því þær eru ekki stjórnendur. Kennarar mistilbúnir að hefja vinnuna. Talað um að það þurfi að fara setja pressu á kennara.

Rætt um spurningar sem á að senda út á kennara. Engum spurningum var bætt við en rætt að endurorða og nota frekar leiðbeinandi kennsluhætti í staðin fyrir leiðsagnarmat. Rætt um að nota frekar lokaðar spurningar og hafa þá 1-2 opnar.

Næsti fundur 18.maí upp á nesi.

## **25. maí 2018 í Álftanesskóla**

Hildur Karlsdóttir, Álftanesskóla  
Elena Einisdóttir, Garðaskóla  
Kristjana Sigursteinsdóttir, Garðaskóla  
Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Hofsstaðaskóla  
Silja Kristjánsdóttir, Sjúalandsskóla

Dagskrá frá Seamus lögð fram fyrir 15. maí.

Hverjir eru að taka þátt eftir hádegi? Skólastjórnendur? Ákveðið 4 frá hverjum skóla. Hvað á að gera eftir hádegi? höldum dagskrá frá Seamus

Rifja upp hvar á að vera og senda út að það verði 4 frá hverjum skóla og æskilegt að það komi 1 stjórnandi.

Ákváðum endanlegar spurninga og Silja fer með það til kennsluráðgjafa til að fá til að setja upp sem online könnun.

Allir hvattir til að fara að vinna í sínum kafla í lokaskýrslunni. Klára fyrir 26. júní.

## **Fylgiskjal 2**

### **Framkvæmdaráætlanir allra skóla**

<b>Álftanesskóli skólaárið 2017 – 2018 – Leiðsagnarmat</b>	
<b>Sept.</b>	<p><b>Fræðsla:</b> vaxandi hugarfar, leiðsagnarmat: sýnileg markmið, viðmið um árangur, gæði og notkun gagna.</p> <p><i>Upprifjun.</i></p>
<b>Okt.–nóv.</b>	<p><b>Fræðsla:</b> Ígrundun kennara, félagarýni og samræður kennara (Hver kennari fær hefti til nota við sjálfsmat og félagarýni). Kennarar hafa val um hvaða þætti þeir leggja áherslur á. Allt eftir þörf hvers kennara.</p> <p><b>Fræðsla II:</b> Ígrundandi spurningar: fjölbreyttar og opnar spurningar.</p> <p><i>Sjálfsmat kennara, félagarýni, óformlegt innra mat</i></p>
<b>Des.</b>	<p>Samantekt á áherslum haustannar: stjórnendur/verkefnastjóri (stýrihópur).</p> <p><i>Endurmat</i></p>
<b>Jan.–feb.</b>	<p><b>Fræðsla:</b> Lýsandi endurgjöf Tilgangur og áherslur í lýsandi endurgjöf. Jafningjamat nemenda.</p> <p><b>Fræðsla II:</b> Endurgjöf og jafningjamat</p> <p><i>Verkefni kennara og nemenda</i></p>
<b>Mars</b>	<p>Samantekt á verkefnum kennara.</p> <p><b>Jafningjafraeðsla:</b> kennarar kynna hvað þeir hafa verið að gera í vetur.</p> <p><i>Innra mat – sjálfsmat kennara.</i></p>
<b>Apríl</b>	<p>Endurmat stjórnenda/verkefnastjóra (stýrihópur).</p> <p><i>Áætlun fyrir næsta skólaár.</i></p>
<b>Maí</b>	<p>Samantekt og mat á starfi vetrarins.</p> <p><b>Stýrihópur Garðabæjar</b></p>



## Flataskóli: Innleiðing leiðsagnarmats

<b>Ágúst</b>	Sameiginlegur fundur með öllum kennurum í Garðabæ um innleiðingu leiðsagnarmats.
<b>September</b>	Erindi á kennarafundi um leiðsagnarmat. Rætt um leiðir og skráningu í leiðsagnarmati.
<b>Október</b>	Erna og Hildur úr Álftanesskóla með fræðslu á kennarafundi.
<b>Nóvember</b>	<i>Að sýna og segja frá 1.</i> Kennarafundur þar sem kennarar taka með sér og sýna og segja samkennurum sínum frá því hvernig og á hvaða hátt þeir vinna með leiðsagnarmat.
<b>Desember</b>	Undirbúningur fyrir lokamat í janúar.
<b>Janúar</b>	Lokamat, með hliðsjón af leiðsagnarmati kynnt fyrir nemendum og foreldrum í foreldraviðtölum.  Nemendur og kennarar meta lykilhæfni og umræður í kjölfarið.  Tveir kennarar fara í námsferð til London til að kynna sér leiðsagnarmat.  Ný önn hefst og kennarar undirbúa hvernig leiðsagnarmati skal háttað.
<b>Febrúar</b>	Leiðsagnarmat – upprifjun á kennarafundi.  Kynning á skólaheimsókn til London.  Fræðslufundur – erindi um leiðsagnarmat fyrir alla kennara í Garðabæ.
<b>Mars</b>	<i>Að sýna og segja frá 2.</i> Kennarafundur þar sem kennarar taka með sér og sýna og segja samkennurum sínum frá því hvernig og á hvaða hátt þeir vinna með leiðsagnarmat. Endurtekinn þáttur síðan í nóvember. Nú hafa kennarar vonandi bætt við sýna þekkingu og fundið ný verkfæri í leiðsagnarmati sem þeir deila síðan með samkennurum sínum.
<b>Apríl</b>	Fræðsla fyrir kennara.
<b>Mái</b>	Lokamat. Nemendur hafa leiðsagnarmat vorannar að leiðarljósi og undirbúnings fyrir lokamat.
<b>Júní</b>	Leiðsagnarmat skólaársins 2018-2019 kortlagt. Hvert hefur gengið vel, hvað hefur ekki gengið nógu vel. Hvert stefnum við?

## Leiðsagnarmat í Garðaskóla skólaárið 2017-2018

Ágúst:	Fræðsla á starfsdegi.
September:	Gerð kennsluáætlanna þar sem leiðsagnarmat á að koma fram.
Október:	Fræðsla um vaxandi hugarfar og leiðsagnarmat á kennarafundi.
Nóvember: leiðsagnarmati.	Allar fagdeildir skila af sér skriflega hvað þær eru að gera í leiðsagnarmati.
Desember: leiðsagnarmati.	Allir deildir deila til annara deilda hvað þær eru að gera í leiðsagnarmati.
Janúar:	Endurskoðun kennsluáætlana og leiðsagnarmats. Kennarar í stýrihóp fara í námsferð til London.
Febrúar: London.	Kennarar í stýrihóp kynna fyrir kennurum hvað þeir sáu spennandi í London. Sameiginlegir fagfundir grunnskólanna í Garðabæ.
Apríl:	Allir kennarar eiga að vera búnir að prófa eitthvað nýtt á vorönninni.
Maí:	Lokamat og skoða næsta vetur.

## Leiðsagnarmat – áætlun Hofsstaðaskóla 2017-18

<b>September</b>	<p><b>Sýnileg markmið:</b> Á kennsluáætlun hvernar námsgreinar eiga markmið/hæfniviðmið að koma fram.</p> <p>Allir kennarar eiga að vera með sýnileg markmið í upphafi kennslustundar í a.m.k. einni námsgrein.</p>
<b>Október</b>	<p><b>Fræðsla:</b> Erna og Hildur halda stutt fræðsluerindi fyrir kennara og stjórnendur um leiðsagnarmat og vaxtarhugarfar (Growth mindset.)</p>
<b>Nóvember</b>	<p><b>Fræðsla og samræða:</b> Sýnileg markmið í kennslustundum og leiðsagnarmat rætt á stigfundi með öllum kennurum.</p> <p>Glærुकyning, verkfærakista skoðuð, ígrundun kennara og hugmyndum varpað fram. Kennarar beðnir um að prófa a.m.k. einn þátt sem tengist leiðsagnarmati í kennslu fyrir áramót, eftir hentugleika hvers kennara.</p>
<b>Desember</b>	<p><b>Kennsla:</b> Kennarar prófa sig áfram með leiðsagnarmat. Innlit stjórnenda í kennslustundir með því markmiði að skoða m.a. sýnileg markmið í kennslustundum og hvernig leiðsagnarmat birtist hjá hverjum kennara.</p>
<b>Janúar</b>	<p><b>Leiðsagnarmat í kennslu:</b> Áfram eiga markmið/hæfniviðmið að koma fram í kennsluáætlunum hvernar námsgreinar og kennarar eiga að vera með sýnileg markmið í kennslustundum. Allir kennarar eiga að skipuleggja leiðsagnarmat í a.m.k. einni námsgrein eða einhverjum þætti innan námsgreinarinnar þar sem markvisst leiðsagnarmat á að fara fram, jafnt og þétt fram að lokamati.</p>
<b>Febrúar</b>	<p><b>Fræðsla:</b> Deildarstjórar segja frá, á fagfundi hvernig og hvað skólinn getur nýtt sér frá heimsókn þeirra í Langford skóla.</p> <p><b>Leiðsagnarmat í kennslu:</b> Búinn verður til matskvarði í ritun fyrir alla árganga sem hafður verður til viðmiðunar í ritunarkennslu.</p>
<b>Mars/Apríl</b>	<p><b>Jafningjafraðsla:</b> Lærdómsganga þar sem valdir kennarar segja frá því hvernig þeir hafa notað leiðsagnarmat í kennslu.</p>
<b>Maí</b>	<p><b>Samantekt:</b> Samantekt og mat á starfi vetrarins. Hugmyndavinna að áætlun fyrir næsta skólár.</p>

**Áætlun fyrir vinnu í leiðsagnarmati**  
**Skólaárið 2017-2018**  
**Sjálundsskóli**

Ágúst	Fyrirlestur – inngangur að Leiðsagnarmati. Sameiginlegt fyrir alla kennara í Garðabæ.  Valið í Leiðsagnarmatsnefnd
Október	Fyrirlestur frá Álfstanesskóla – Leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar
Nóvember	Taka stöðuna: Farið yfir það hvað hver og einn kennari, teymi eða stig eru að gera í vinnumati í Sjálundsskóla
Desember	Hver og einn kennari gerir áætlun um það sem hann ætlar að gera til að gera leiðsagnarmatið enn betra.
Janúar - febrúar	Félagarýni tengd leiðsagnarmati. Kennarar para sig saman þvert á stig og kennslugreinar og ákveða hvaða þætti þeir ætla að skoða. Reiknað er með 2 heimsóknum á hvern kennara + annarar vinnu.
13. febrúar	Fagfundir í Garðabæ – kennarar hittast og skiptast á skoðunum, verkefnum og aðferðum.
Mars	Þrúða og Sigurlín segja frá heimsókninni til London og hvað við getum tekið inn í okkar vinnu hér.
Apríl	Starfsmannaviðtöl. Farið yfir þá áætlun sem hver og einn setti sér – hvernig tókst til og hvert er framhaldið.
Maí	Farið yfir á kennarafundi hvað verið var að gera í leiðsagnarmati í skólanum.  Samantekt – leiðsagnarmatsnefndin í Sjálundsskóla setur saman skýrslu um það sem búið er að gera og hvert framhaldið á að vera.

## **Fylgiskjal 3**

### **Skýrslur frá hverjum skóla**

## Leiðsagnarmat – Álftanesskóli

### Leiðir

Álftanesskóli hefur markvisst verið að skoða leiðsagnarmat frá skólaárinu 2013–2014. Haldnir hafa verið fyrirlestrar í skólanum á hverju skólaári og kennarar á yngsta- og miðstigi fóru m.a. í skólaheimsóknir í Ardleigh Green skólaárið 2015–2016. John Morris var síðan með tvo fyrirlestrar fyrir kennara skólans. Skólaárið 2016–2017 fóru allir kennarar skólans í skólaheimsóknir og fyrirlestra um leiðsagnarmat í Brighton. Haustið 2017 var fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara í Garðabæ frá Háskólanum á Akureyri.

Skólinn hefur frá hausti 2017 unnið með lokamat og skráningar í mentor. Það var einnig verkefni skólaársins og vaxandi hugarfar. Þá var lögð áhersla á rifja upp ýmsa þætti í leiðsagnarmati s.s. sýnileg markmið, viðmið um árangur, gæði og notkun gagna. Allir kennarar fengu hefti frá Ernu með kvörðum úr öllum þáttum tengdum leiðsagnarmati til að búa til sína eigin þróunaráætlun. Áætlað var að hafa ígrundun og samræður í lok annar. Öllum kennurum var boðið að fá Ernu eða Hildi inn til sín til að leggja mat á þróunarvinnuna. Haldnir voru nokkrir fyrirlestrar um vaxandi hugarfar og helstu þætti leiðsagnarmats. Erna og Hildur voru einnig með kynningu á ferð sinni í Langford Primary School í London.

### Mat á framkvæmd

Upprifjun frá vetrinum á undan og fyrirlestur frá Akureyri. Gengið var á eftir kennurum að skila þróunaráætlun inn til Ernu. Hugmyndin var að enda tímabilið á kynningum en úr því varð ekki en í staðinn var stuttur fundur með Ernu og Hildi í byrjun janúar, þar sem fram kom að fólk hafði unnið mjög mismikið í þessari áætlun sinni. Enginn óskaði eftir heimsókn í tíma til sín Tekin var ákvörðun um að leggja ekki eitthvað nýtt inn á þessum tímamarki heldur gefa fólki færi á að vinna lengur að áætluninni sinni.

Í apríl voru farnar lærdómsgöngur með áherslu á leiðsagnarmat en einnig aðra vinnu.

Lagt var mat á framkvæmdina vorið 2017. Mat vorið 2018 var sameiginlegt rafræn spurningalisti en jafnframt var lagt fyrir kennara skólans á kennarafundi nokkrir spurningar til að ræða um. Áherslur skólans og hvað við viljum sjá, heyra og finna á næstu skólaárum. Sjá megináherslur skólans á næsta skólaári í töflu 1:

**Tafla 1: Áætlun Álftanesskóla fyrir veturinn 2018 – 2019**

Tími	Verkefni
15. ágúst	Fyrirlestur frá Seamus Gibbons um leiðsagnarmat og vaxtarhugarfar
Ágúst – fyrsta vika af skóla	Áhersla á vaxtarhugarfar í öllum bekkjum. Lagt inn strax á fyrstu dögum skólans.
Ágúst – byrjun september	Koma kennurum í gang með sýnileg markmið, árangursviðmið og námsveggi, spjallfélaga og samantekt á lærdómi tímans/vikunnar.
Septemberlok	Jafningjafræðsla: Kennarar kynna hvað þeir hafa verið að gera á tímabilinu.
Október - nóvember	Unnið með lýsandi endurgjöf
Nóvemberlok	Jafningjafræðsla: Kennarar kynna hvað þeir hafa verið að gera á tímabilinu.
Janúar – mars	Upprifjun á markmiðum í leiðsagnarmati og vaxtarhugarfari
Apríl - júní	Þrjár lærdómsgöngur dreifðar á tímabilið með áherslu á vaxandi hugarfar og leiðsagnarmat.

## Flataskóli

Vorið 2017 var kennurum í Flataskóla tilkynnt að skólaárið 2017-2018 færi af stað þróunarverkefni um innleiðingu leiðsagnarmats í grunnskólum Garðabæjar. Þá voru matskvarðar kynntir og lagt upp með að frá og með hausti 2018 myndu kennarar notast við matskvarða í leiðsagnarmati.

Um haustið ákvað hvert teymi hvernig meta skyldi hverja námsgrein eða hvern námsþátt. Lagt var upp með að kennarar kynntu námsmarkmið vel fyrir nemendum í upphafi hvers námsþáttar/námsslotu og voru kennarar einnig hvattir til að hanna námskvarðana á þann hátt að nemendur hefðu tækifæri á að bæta sig. Undirbúningur og gerð námsmatskvarða fór síðan fram á skipulagsdögum og jafnt og þétt yfir skólaárið. Ákveðið var að ferilmappa fylgdi hverjum nemanda og allt námsmat færi þar inn.

Um haustið var síðan fræðsludagur þar sem Sólveig Zóphaníasdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri, og Helga Rún Traustadóttir, kennari í Lundarskóla á Akureyri, kom með fræðslu fyrir alla grunnskóla í Garðabæ um leiðbeinandi kennsluhætti.

Erna og Hildur frá Álftanesskóla með góða fræðslu um leiðbeinandi kennsluhætti fyrir kennarahópinn.

Þegar nokkuð var liðið á veturinn kom í ljós að margir kennarar vildu festast í því að samasemmerki væri milli leiðsagnarmats og ferilmöppunnar og að fólk ætti erfitt með að tengja og tileinka sér þá þætti sem kynntir voru á fræðsludeginum um haustið og í þeirri fræðslu sem boðið hafi verið upp á.

Við fengum því Ernu aftur til okkar með fræðslu.

Einnig var kennarafundur notaður í að „sýna og segja frá“ þar sem hvert teymi kynnti það sem gert hafði verið í leiðsagnarmati. Slíkur fundur var síðan endurtekinn um vorið.

Það er mat okkar hér í Flataskóla að það hafi tekið nánast allt skólaárið að átta sig á því út á hvað leiðsagnarmatið gengur út á og teljum við það jákvætt að verkefnið hafi fengið nýtt nafn eða „leiðbeinandi kennsluhættir“.

Halla Rósenkranz og Helga María Guðmundsdóttir



## Leiðbeinandi kennsluhættir í Garðaskóla veturinn 2017-2018

Í upphafi vetrar tók Elena Einisdóttir að sér að stýra verkefninu um leiðsagnarmat í Garðaskóla og vera í stýrishópi grunnskóla í Garðabæ um sama mál. Í október bættist svo Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir við hópinn en Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri er ábyrgðarmaður verkefnisins og sótti um styrkinn sem skólarnir fengu í sameiningu úr Þróunarsjóði grunnskólanna.

Í upphafi vetrar skiluðu allar fagdeildir skólans inn greinargerð um hvar deildirnar væru staddar varðandi hlut leiðsagnarmats í námi og kom þar í ljós að allir voru að gera eitthvað en það var þó misjafnt hversu langt vinnan var komin eftir deildum.

Í nóvember kynntu Elena, Kristjana og Brynhildur á kennarafundi það sem liggja átti fyrir í leiðsagnarmati fyrir árið með það fyrir augum að efla hlut þess innan skólans. Farið var yfir það sem átti að gera í hverjum mánuði á þessu skólaári varðandi leiðsagnarmat. Tekin voru dæmi um mismunandi leiðsagnarmat sem er notað í skólanum.

Í janúar skiluðu allar deildir skólans inn lýsingu á því leiðsagnarmati sem er nú þegar til staðar í deildunum og komu með hugmyndir að því sem þær hugðust vinna að á næsta ári.

Í desember sýndu fagdeildir vinnu sem tengist leiðsagnarmati og kennarar gengu á milli og kynntu sér vinnubrögð í ólíkum deildum.

Elena og Kristjana fóru í kynnisferð til London með stýrishópnum í janúar. Þær kynntu ferðina fyrir kennurum skólans eftir heimkomuna. Tóku þar mörg dæmi um aðferðir við leiðsagnarmat. Að taka upp annað hugtak þ.e.a.s. leiðbeinandi kennsluhættir í stað leiðsagnarmat féll í góðan jarðveg og virðist hafa skýrt þessa vinnu betur en áður.

Það er langt í land hjá sumum deildum/kennurum að leiðbeinandi kennsluhættir séu stundaðir í öllum tímum. Hins vegar eru mjög margir nú þegar að beita þessum kennsluháttum og því verður fróðlegt að sjá hvort fyrirlesturinn næsta haust hvetji ekki kennara enn frekar áfram í átt að leiðbeinandi kennsluháttum.

## Hofsstaðaskóli: Leiðsagnarmat – Leiðbeinandi kennsluhættir

### Í upphafi skólaárs

Deildarstjórnarnir Arnheiður og Margrét Erla stýrðu þróun og innleiðingu leiðsagnarmats í Hofsstaðaskóla. Markmiðið var að styðja kennara í innleiðingu leiðsagnarmats í kennslu í öllum árgöngum og fræða þá um þær margvíslegu aðferðir sem leiðsagnarmat býður upp á. Stefnt var að því að allir kennarar næðu sameiginlegum skilningi á hvað leiðsagnarmat stendur fyrir, að þeir þekki margvíslegar aðferðir og birtingarmyndir þess og geti nýtt þær í sinni kennslu. Hugsað var til þess að kennarar fengu stuðning til að skilgreina leiðsagnarmatið í sinni kennslu og þróa vinnu á sínum forsendum.

Í upphafi kom í ljós að nokkrir kennarar höfðu ekki verið að vinna í anda leiðsagnarmats en allmargir hafa nýtt sér aðferðir þess án þess að huga að því að um leiðbeinandi kennsluhætti væri um að ræða. Margir kennarar voru í stýrihópi SKÍN og þeir voru komnir lengst í hugmyndfræðinni og farnir að tileikna sér leiðbeinandi kennsluhætti m.a. með sýnileg markmið fyrir nemendur, brottfararspjöld, jafningjamat/sjálfsmat, endurgjöf og leiðbeinandi vikuáætlanir.

### Hvað var gert

Hér fyrir neðan má sjá eins vetrar starspróun skólans í leiðbeinandi kennsluháttum.

<b>Innleiðing leiðsagnarmats 2017-2018</b>	
<b>September</b>	<b>Sýnileg markmið:</b> Á kennsluáætlun hvernar námsgreinar komu markmið/hæfniviðmið fram. Allir kennarar voru með sýnileg markmið í upphafi kennslustundar í a.m.k. einni námsgrein. Margir kennarar sýndu markmið í fleiri en einni námsgrein og aðrir á leiðbeinandi vikuáætlunum.
<b>Október</b>	<b>Fræðsla:</b> Erna og Hildur frá Álfanessskóla héldu fræðsluerindi fyrir kennara og stjórnendur um leiðsagnarmat og vaxtarhugarfar (Growth Mindset). Eftir þann fyrirlestur mynduðust góðar samræður milli kennara og hugmyndafræðin varð enn skýrari í huga þeirra. Má segja að fræðslan kveikti á mörgum og „hugsunin“ fór af stað.
<b>Nóvember</b>	<b>Fræðsla og samræða:</b> Sýnileg markmið í kennslustundum og leiðsagnarmat var rætt á stigfundum með öllum kennurum skólans. Glærुकynning, verkfærakista skoðuð, ígrundun kennara og hugmyndum varpað fram. Kennarar voru beðnir um að prófa a.m.k. einn þátt sem tengist leiðsagnarmati í kennslu fyrir áramót, eftir hentugleika hvers kennara. Góðar

	<p>samræður og sýnileg vinna fór af stað. Kennarar nýttu m.a. endurgjöf og brottfararspjöld í meira mæli en áður.</p>
<b>Desember</b>	<p><b>Kennsla:</b> Kennarar prófuðu sig áfram með leiðsagnarmat. Innlit stjórnenda í kennslustundir hófust með því markmiði að skoða m.a. sýnileg markmið í kennslustundum og hvernig leiðsagnarmat birtist hjá hverjum kennara.</p>
<b>Janúar</b>	<p><b>Leiðsagnarmat í kennslu:</b> Áfram áttu markmið/hæfniviðmið að koma fram í kennsluáætlunum hvernar námsgreinar og kennarar að vera með sýnileg markmið í kennslustundum. Allir kennarar áttu að skipuleggja leiðsagnarmat í a.m.k. einni námsgrein eða einhverjum þætti innan námsgreinarinnar þar sem markvisst leiðsagnarmat átti að fara fram jafnt og þétt fram að lokamati.</p> <p><b>Heimsókn:</b> Deildarstjórar og skólastjóri heimsóttu Langford School í London og kynntu sér leiðbeinandi kennsluhætti.</p>
<b>Febrúar</b>	<p><b>Fræðsla:</b> Á fagfundi sögðu deildarstjórar frá heimsókn þeirra í Langford skóla í London og hvað og hvernig skólinn getur nýtt sér frá þeirri heimsókn. Margar hugmyndir kviknuðu sem urðu að veruleika, má þarf nefna að nokkrir árgangar hófu gerð á námsveggjum í sínum bekkjum og endurgjöfin varð fjölbreyttari t.d. í formi límmíða, yfirstrikunarpenna o.fl. Einnig dýpkaði hugsunin hjá mörgum og þá sérstaklega við að sjá myndir frá ferðinni og umfjöllun um þær.</p> <p><b>Leiðsagnarmat í kennslu:</b> Á stigfundum var búinn til stigvaxandi matskvarði í ritun fyrir alla árganga sem átti í kjölfarið að vera til viðmiðunar í ritunarkennslu 1. -7. bekk. Margir kennarar nýttu sér þá í framhaldi en einnig kveikti þessi vinna á fleiri matskvörðum í öðrum greinum sem kennarar hófu vinnu við og nýttu í kennslu. Má nefna t.d. einn kvarða sem gerður var í stærðfræði á miðstigi með mjög góðum árangri, nemendur höfðu orð á hve gott var að styðjast við kvarðann og áttu góðar samræður um getu sína og til hvers var ætlast af þeim. List- og verkgreina kennarar unnu einnig sambærilega matskvarða í sinni grein.</p>
<b>Mars</b>	<p><b>Jafningjafræðsla:</b> Lærdómsganga þar sem valdir kennarar sögðu frá því hvernig þeir höfðu notað leiðsagnarmat í kennslu. Margt af því kemur fram hér að ofan.</p>
<b>Apríl</b>	<p><b>Heimsókn :</b> Arnheiðir og Margrét Erla heimsóttu Hildi og Ernu í Álftanesskóla með því markmiði að læra af þeim og fá hugmyndir. Þær fengu m.a. að fylgjast með kennslustundum og sjá verkefni og útfærslur kennara. Heimsóknin veitti þeim innspýtingu fyrir áframhaldandi vinnu verkefnisins. Þær miðluðu síðan til kennara m.a. á kaffistofu starfsmanna.</p>

<b>Maí/Júní</b>	<p><b>Samantekt:</b> Samantekt og mat á starfi vetrarins. Hugmyndavinna að áætlun fyrir næsta skólaár í samræðu milli kennara og deildarstjóra.</p> <p>Könnun lögð fyrir þátttakendur í tengslum við verkefnið.</p>
-----------------	---

### Hvernig tókst til og upplifun kennara

Það má segja að innleiðing á leiðsagnarmati í Hofsstaðaskóla hafi gengið með ágætum. Flestir kennarar áhugasamir og viljugir að nota leiðbeinandi kennsluhætti. Fram að áramótum var fólk meira að kynnast hugmyndafræðinni og sjá fyrir sér hvernig það gæti nýtt sér fræðin. Helsta áskorunin var að skilja að leiðsagnarmat er námsmat sem er leiðbeinandi fyrir nemendur. Deildarstjórar náðu jafnt og þétt að sá fræjum og hreyfa við fólk. Mikil samræða milli kennara hefur farið fram í öllum árgöngum, á fundum og á kaffistofu bæði með formlegum og óformlegum hætti. Kennarar sem komnir eru lengst í þróuninni voru duglegir að miðla til annarra kennara t.d. í sínum árgangi. Eftir áramót fór vinnan að verða sýnilegri og kennarar tilbúnir að prófa sig áfram sem m.a. leiddi til enn frekari þróunar í þessum efnunum. Erfiðast var fyrir íþróttakennara og nokkra list- og verkgreina kennara að innleiða leiðsagnarmat, þar sem þeim fannst erfitt að sjá fyrir sér notkun þess í sinni grein. Þess má geta að textíl- og heimilisfræðikennarar eru komnir ágætlega af stað. Mesta hugmyndavinnan og framkvæmdin fór fram hjá umsjónarkennurum í 3.-7. bekk, þar sem flestir árgangar eru komnir vel á veg og tilbúnir í að halda áframhaldandi vinnu með leiðbeinandi kennsluhætti næsta skólaár.

# Sjálundsskóli - leiðsagnarmat

-Hver var staðan í upphafi?

Áður en verkefnið hófst var verið að notast við leiðsagnarmat í einhverjum árgöngum og fögum. Það hafi þó ekki verið notað með markmissum hætti og kannski án þess að kennarar gerðu sér grein fyrir því að þetta væri leiðsagnarmat. Kennarar voru líka óvissir með hvað leiðsagnarmat væri og er þetta orð ruglandi. Kennurum fannst betra að nota *leiðbeinandi kennsluhættir* og áttuðu sig þá frekar í hverju það fólst.

Hvað var gert?

-Gróf lýsing á því sem gert var í vetur - Skólinn í heild sinni

Strax í haust var skipuð ný nefnd í skólanum sem var leiðsagnarmatsnefnd. Hennar hlutverk var að reyna að ná fram virkni hjá kennarahópnum í notkun leiðsagnarmats og Sjálundsskóli fékk styrk úr þróunarsjóði til þess að vera með félagarýni sem áhersla var á leiðsagnarmat. Kennarar gerðu litlar rannsóknir þar sem markmiðið var að komast að því hvernig nemendur læra. Sem dæmi um verkefni sem unnin voru litakóðun í ritun í ensku og rýni á brottfararspjöldum í stærðfræði.

Kennarar fengu frjálssar hendur til þess að gera það sem þeir vildu. Misjafnt var á milli árganga hvernig verkefni var útfært.

Á yngstastigi var einkum notast við brottfararspjöld, munnleg fyrirmæli og sýnileg markmið. Sérkennari notaði broskalla til þess að sýna nemendum hversu mikið þau lögðu sig fram. Markmið í ritun voru í formi sýnidæma, góð og slæm.

Á miðstigi var notast við brottfararspjöld í stærðfræði, þema og ensku. Í upphafi hvers þema voru markmið sýnileg og nákvæmlega útlístað til hvers var ætlast. Þar notast við sýniverkefni, bæði slæm og góð þannig nemendur gátu borið sín verkefni saman við þau. Einnig var notast við sjálfsmat. Sáú kennarar mikinn mun á vinnubrögðum frá því seinasta vetur. Í íslensku var leiðsagnarmat í ritun og stafsetningu. Á miðstigi var einnig áhersla á að kynna fyrir nemendum vaxandi og fastmótað hugarfar.

Á unglíngastigi var notast við brottfararspjöld í stærðfræði og eins voru markmið hvers kafla sýnileg. Nemendur voru ánægðir með fyrirkomulagið og fannst það lærdómsríkt og einnig gefur þetta kennaranum betri yfirsýn með getu nemenda.

Í sundkennslu var sýnilegt á töflu til hvers var ætlast af nemendum í hverju sundstigi og nemendur fengu sýnikennslu í hverjum tíma. Nemendur fengu einnig munnlegt einstaklingsmat í hverjum tíma hvað það er sem þau þyrftu að bæta sig í.

## -Hvernig tókst til? -Hver er upplifunin í hópnum?

Hjá þeim kennurum sem tileinkuðu sér leiðsagnarmat var upplifunin góð. Margir kennarar upplifðu þetta verkefni sem enn eitt verkefnið og áttu erfitt með að tileinka sér þetta og finna tíma. En þeir kennarar sem tileinkuðu sér leiðsagnarmat í kennslu fundu samt að þetta var í raun tímasparnaður þegar kom að yfirferð. Einnig fæst betri yfirsýn með framvindu og markmiðum skólanámsskrá. Kennarar upplifa betri vinnubrögð og að nemendur séu meðvitaðri um námsframvindu sína. Kennurum finnst líka mikilvægt að samræma vinnubrögð þannig að nemendur venjist að vinna eftir sömu viðmiðum upp alla skólagönguna.

Væntingar til næsta skólaárs er að virkja fleiri kennara. Ætlunin er að leiðsagnarmatsteymi hitti kennara reglulega, fylgi þeim eftir og veiti ráðleggingar. Einnig stendur til að koma vaxandi hugarfari meira inn í lífsleiknikennslu.

## **Fylgiskjal 4**


**Niðurstöður spurningarkönnunar sem  
lögð var fyrir kennara í lok skólaárs  
2017-2018 um leiðsagnarmat.**

**Könnunin var lögð fyrir rafrænt.**

# Álftanesskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðsagnarmat/leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

28 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

28 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

28 svör




#### 4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna

28 svör




#### 5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðsagnarmat?

28 svör



#### 6. Ég hef kynnt og rætt við nemendur um vaxandi hugarfarar?


28 svör





## 7. Hvaða leið telur þú að sé best til að auka þekkingu þín á leiðsagnarmati?

28 svör



### Annað sem þú vilt kom á framfæri:

Nei (14)

nei (4)

. (2)

Ekkert (2)

ánægð með þessa þróun

Það er að koma sumarfrí

Fara markvisst en rólega í innleiðingavinnu svo að fólki þygi þetta ekki yfirþyrmandi og þannig að það átti sig á að þetta er í raun vinnusparnaður en ekki aukning.

gleðilegt sumarfrí


Að mínu mati verður kennslan betri og markvissari með leiðsagnarmati

:)

# Flataskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðsagnarmat/leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

29 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

29 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

29 svör




#### 4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna

29 svör




#### 5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðsagnarmat?

29 svör



#### 6. Hvaða leið telur þú að sé best til að auka þekkingu þín á leiðsagnarmati?

29 svör



#### Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Nei (8)

nei (5)

Mjög mikil vinna! (2)

Það hlýtur að vera leið til að gera þetta rafrænt - fara í samstarf við eitthvað hugbúnaðarfyrtæki, Advania eða eitthvað slíkt - jafnvel í samstarfi við nema í HR... seeeeegi bara svona :)

Finnst við hafa farið full hratt í þetta hefðum getað innleitt þetta á lengri tíma og þar af leiðandi gert enn betur.

Leiðsagnarmatið er ágætt út af fyrir sig en spurning hvort það er að skila viðunandi árangri til nemenda og foreldra

ekkert

Óska eftir betri möppum .

Allof mikið pappírseyðsla

Frekar tímafrekt og margt sem mætti bæta en engu að síður skemmtilegt og mun betra fyrir nemendur.

Erfitt til að byrja með en er mjög sátt við fyrirkomulagið núna.

Ég er mjög ánægð með að það skuli vera búið að taka upp leiðsagnarmat í skólanum.

Allt það sem talið er upp hér að ofan myndi nýtast vel. En samstarf og samráð milli kennara innan og utan skólans held ég að væri mjög gott. Þá er hægt að bera saman bækur, hvað virkar o.s.frv.

Leiðsagnarmat er árangursrík leið til að bæta skólastarfið.


Leiðsagnarmatið gerir skólastarfið miklu markvissara.

Fannst við fara aðeins of geyst í þetta, hefði verið fínt að byrja á einni námsgrein í einu.

# Garðaskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðsagnarmat/leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

33 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

33 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

33 svör




#### 4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna

33 svör




#### 5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðsagnarmat?

33 svör



#### 6. Hvaða leið telur þú að sé best til að auka þekkingu þín á leiðsagnarmati?

33 svör



#### Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Nei (9)

nei (4)

ekkert (2)

Nei

Starfið í Garðaskóla er einstaklega gefandi og gott

Ekkert sem mér dettur í hug núna.

Átti þetta ekki að heita leiðbeinandi kennsluhættir?

Tel mig hafa unnið í anda leiðsagnarmats að töluverðu leyti áður en farið var að kalla matið þessu nafni

Nei ekki að svo stöddu

Ánægð með heitið leiðbeinanadi kennsluhættir. Þeir segja meira en Leiðsagnarmat.

Mér finnst við vera á réttri leið

Leiðsögn í námi hefur alltaf verið stór hluti af kennslu.

Nei!

Ég legg til að kennarar skólans safni leiðsagnarmati og upplýsingum um það í sameiginlega möppu á svæði kennara til að auðvelda samstarf og til að hjálpa öðrum kennurum að fá hugmyndir og ýta undir samvinnu.

Að kennarar séu virkir í að ræða og deila sín á milli leiðum við leiðsagnarmat og læra þannig jafn óðum hver af öðrum.

Sátt með kynningar í skólanum.

Held að samstarf innan listgreinadeildarinnar sé heillavænlegt

samstarf kennara farsælast

Að þróa hefðbundið námsmat yfir í leiðsagnarmat tekur tíma.


Ef hópastærðir væru minni myndi ég nota leiðsagnarmat í meiri mæli.

ánægð með að verið sé að beini ljósi að leiðsagnarmati

# Hofsstaðaskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðsagnarmat/leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

33 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

33 svör



3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.


33 svör






#### 4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna

33 svör




#### 5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðsagnarmat?

33 svör



#### 6. Hvaða leið telur þú að sé best til að auka þekkingu þína á leiðsagnarmati?

33 svör



#### Annað sem þú vilt koma á framfæri:

nei (9)

Nei (8)

Spurning 6 gengur ekki upp

Ég byrjaði að nota sýnileg markmið fyrir 3 árum og mér finnst það gefa mjög góða raun. Ég kenni í smiðjum og nemendur mínir vita frá byrjun til hvers er ætlast af þeim og í hverju námið er fólgið. Þeir hafa sjálfir lýst yfir ánægju með þetta fyrirkomulag.

Takk fyrir mig.

Skil ekki spurningu númer 6 ? en neyðist til að svara einhverju til að ljúka könnuninni.

Spurning nr 6 er gölluð. Svaraði henni þar sem það var nauðsynlegt til að geta klárað könnunina.

Gölluð spurning

jji

Nei.

Svarmöguleikar í spurningu 5 eiga ekki nægilega vel við. Það þyrfti að vera möguleiki á að merkja við fleiri svarmöguleika en einungis einn í spurningu 6.

Neibb

Ekkert.

Vinna með leiðsagnarmat eykur einnig þekkingu.

Með leiðsagnarmati verður nám og kennsla markvissari og skýrari bæði fyrir nemendur og kennara að vinna eftir.


Leiðsagnarmat er gott tæki til að styðja við nám og kennslu. En má ekki taka sem einu leiðina til þess. Frumkvæði og sköpun frá kennurum og nemendum sjálfum verður að vera grunnurinn að því sem koma skal.

Ég myndi vilja sjá hvernig kennarar í list og verk, sundi og íþróttum gera þetta í öðrum skólum

# Sjáländsskóli


1. Notaðir þú markvisst leiðsagnarmat/leiðbeinandi kennsluhætti þetta skólaárið?

19 svör




2. Ég upplýsi nemendur reglulega um markmið námsins.

19 svör




3. Ég geri nemendum grein fyrir þeim viðmiðum sem verk þeirra verða metin eftir.

19 svör




#### 4. Ég nota matsniðurstöður sem leiðsögn og til að endurskoða kennsluna

19 svör




#### 5. Telur þú þig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um leiðsagnarmat?

19 svör



#### 6. Hvaða leið telur þú að sé best til að auka þekkingu þín á leiðsagnarmati?

19 svör



#### Annað sem þú vilt koma á framfæri:

(4)

nei (3)

Nei (3)

Tímaskortur

Væri gott að hafa meiri tíma til að fara yfir markmið með nemendum einstaklingslega. Hugsanlega gæfi það nemendum meiri skilning á mikilvægi leiðsagnamats þetta hefur gert mig að betri kennara með markvissari kennslu

Finnst gott að vinna með leiðsagnarmat og mun halda því áfram. Best að fá að sjá hvað aðrir eru að gera og aðlaga það að minni kennslu.

Finnst leiðsagnarmat vera snilldin ein

nei ekkert sérstakt sem ég man eftir

x

j

Held að samstarf milli kennara innan skólans t.d. vinnuhópar til að hjálpast að og geta fengið svör og aðstoð við leiðsagnamatið, skila mestu.